

Íslensk alþýðulist

Ar aldraðra heldur nú innreið sína á Kjarvalsstaði með tveimur sýningum. Annars vegar er það sýning á verkum alþýðumálara svokallaðra og hins vegar listmuna- og nytjahlutásýning eftir landskunna hagleiksmenn. Tenging þessara tveggja sýninga er fólgin í höggmyndum

leiksmáður og teiknari Sölvi hefur verið.

Útan um þessa öndvegislistamenn snýst svo sýning á verkum aldraðra eða látinna listamanna, sem heyra til 20. öldinni. Eru þeir af ólíkum toga spunnir, sumir aldir upp í hinum náttúralíka landslagsskóla,

Myndlirt

efftir Halldór Björn Runólfsson



eftir þá Asmund Sveinsson og Sigurjón Ólafsson og verðlaunamyndum í barnsamkeppni Rauða krossins. Sýningin stendur til 8. ágúst og verður efnt til málþinga, síðdegisvöku, auk þess sem myndbandasýning er í gangi allan sýningartímann.


Þetta er m.ö.o. stór sýning sem þekur ganga og sali Kjarvalsstaða, enda hafa margir aðilar lagt hér hönd á plóginn, bæði félagasamtök og einstaklingar.

Í vestursalnum geymir „Íslensk alþýðulist“ rúmlega 100 verk eftir þekktu alþýðumálara og listamenn. Þar má sjá verk frá öndverðri 18. öld, hinar þekktu predikunarstólfrá frá Staðarhóli „Guðspjallamenn“. Þessar fallega máluðu fjarir eru „anno“ 1738, lánaðar af Þjóðminjasafninu. Þaðan er einnig hin sláandi „Altaristafla“ eftir Amunda Jónsson, frá árinu 1792. Þá eru þrjú verk eftir Bólu-Hjálmar, m.a. „Smástokkur með tréögglum“ úr beyki. Mun þetta vera elsti gripur sem þekktur er eftir skáldið og hagleiksmanninn, frá 1813. Mun Hjálmar ekki hafa verið eldri en 16 ára, þegar hann smíðaði stókkinn. Eftir Sölvu Helgason eru fjölmargar teikningar af blómaskrauti, sjálfsmyndir, fangamark o.fl. Það sést vel á vatnslitaseríu hans „Blómaskraut og mannamyndir“ (1 eigu Landsbókafnsins) og „Fangamark“, hvílikur hag-

eins og Jón Hróbjartsson (6 öndvegismyndir eru eftir hann á þessari sýningu) og Gísli Jónsson (Eitt fagurt olíumálverk). Í þennan hóp má einnig flokka hinar gullfallegu Vestmannaeyja-myndir eftir Kristín Astgeirsson, sem lést á síðasta ári, kominn hátt á níðæðisdur. Þá má flokka margar myndir Samúels Jónssonar frá Selárdal undir náttúralisma, þótt aðrar séu myndunarríkari. „Altaristafla“ hans frá 1956 (1 eigu Listasafns ASÍ) er örugglega meistarastykki hans, að öðrum verkum ólóstudum.

Aðrir alþýðulistamenn á sýningunni taka frjálssari afstöðu til yrkisefnisins og útfærslu þess. Frægastur (og það er ekki að ástæðulausu) er Ísleifur Konráðsson, en eftir hann eru hvorki meira né minna en 16 málverk, máluð af mikilli einlægni. Þá eru 13 málverk eftir Ólöfu Grímeu Þorlákssdóttur (Grímu), sem orðin er 87 ára gömul. Allar eru þær fallegar og málaðar af óheftri upplifun. Halldór Jónsson á fallegar ævintýramyndir í olíu, gerðar af fólksvalausri ást á íslenskum þjóðsögum.

Ein mynd er eftir Jón Stefánsson frá Möðrudal og er það „Skissa að altaristöflu í Möðrudalskirkju“, litil mynd en forunnarfögur. Sonur Jóns, Stefán Stórval, á nokkrar ágætismyndir og ber þó hæst „Króksstaðablesi“, máluð 1978. Eggert Magnússon er nokkuð yngri og á



6 málverk á sýningunni. „Ömmur minar í Miðdal“ (1982) er stórskemmtilegt og innlegt verk. Af málurum rek-

Fjölskyldudrama, á tjaldinu og í salnum

Hörkutólið (The Great Santini) Bandarísk. Argerð 1979. Leikstjóri og handrit: Lewis John Carlino eftir sögu Pat Conroy. Aðalleikari Robert Duvall.

Ég veit varla hvað fór meira í taugarnar á mér, fjölskyldu-

vel við kallaðir, „hústyrantar“ á íslensku. Myndin er langdregin og litlaus enda framleidd af frekar óþekktu fyrirtæki (Orion) þó svo Warner Bros. dreifi henni.

Duvall sem er sonur aðmiráls

Kvikmyndir

efftir Jón Axel Egilsson



drama á tjaldinu eða það sem átti sér stað í salnum. Það er ófyrirgefnalegt af aðstandendum sýningarinnar að hleypa fólki með ungabörn inn í húsið, fyrir utan nokkra eldri krakka sem hlupu um salinn á meðan á sýningu stóð, og enginn sagði neitt fremur venju.

Bull Meechum (Robert Duvall) er ofusti í flugher Bandaríkjanna og sama hörkutólið í hernum og heima fyrir. Þetta er reyndar týpa sem við könnumst

þekkir kannski það sem hanner að fást við og það gerum við hin eflaust líka, en það kemst bara ekki til skila. Sama árið og Duvall lék í þessari mynd lék hann í Apocalypse Now. Hvor tekin var á undan veit ég ekki, en annað hvort hefur Duvall verið þreyttur eftir Apocalypse eða verið að safna þreki fyrir hana, því hér er hann jafn litlaus og myndin.

Þó maður reyni að útiloka hermanninginn Meechum og ein-

ur Gunnþórunn Sveinsdóttir lestina, með vatnslitateikningar, gerðar af miklu skreytilistarnæmi.

Að auki má sjá 11 vefmyndir eftir Óskar Magnússon. Þar eru hrfandi myndir á borð við „Í árdaga“ og „Vin og vinátta“ (Gerð eftir grafíkmynd eftir Picasso). Þá sýnir Blómey Stefánsdóttir „Íslenskt glit“ og „Hnútt“, fagurlega gerð teppi. Lestina rekur Sæmundur Valdimarsson, sem gert hefur tvær tréstyttur af karli og konu. Í annarri notar hann ýsuroð sem skýlu og kallar „Ýsukarl“ og er hugvitssamlegt.

Sýning þessi er skemmtileg og fersk og gefur allgóða mynd af þeim fjölbreytileik, sem einkennir íslenska alþýðulist. Sýningarskrá hefði þó mátt vera mun vandaðri.

Um hinn hluta sýningarinnar verður ekki fjallað að sinni.



blína á heimilisföðurinn Meechum er hann svo ósannfærandi að maður gæti grátið. Hann á ekki til einlægni né ástúð. Hann er svo forskrúfaður karlreimbiingur að hann haggast ekki hvað sem á dynur að undanskyldu körfuboltaatriði, þar sem sonur hans tapar. Einstefnan er algjör, bæði hjá Duvall og myndinni í heild, beint í ruslatunna.

Það allra versta er þó það, að þessi manngerð er til á meðal okkar, en biða verður betri tíma að henni verði gerð full skil á því hvíta.

Stefnumót í Galdralandi

Það á mjög vel við að titlar fyrstu íslensku myndbandanna skuli vera Galdraland og Stefnumót. Við höfum yfirleitt litlið á imbanum sem galdratæki og eignum yfirleitt stefnumót við

Aðalsteinn sýningunni uppi. Gaman væri að sjá hann í betri „sketsum“ með betri mótaleikum. Kristín Pálsdóttir stjórnaði upptökunni. Þátturinn er 60 mín. í sýningu.

Myndbönd

efftir Jón Axel Egilsson




þá er birtast okkur á skerminum.

GALDRALAND er barnaleikrit eða barnagaman eftir Baldur Georgsson og kannast vist flest börn við það úr sjónvarpinu. Það er byggt upp á smáþáttum með gríni og töfrabroögðum. Grínið er að nokkru fengið að láni úr gömlum Gög og Gokke myndum (danski arfurinn) en töfrabroögðin koma frá Baldri. Ætli Konni sé látinn? Það hefur ekki verið tilkynnt opinberlega.

Leikstjóri er Erlingur Gíslason en í hlutverkum eru Aðalsteinn Bergdal sem er mjög góður trúður og eflaust sá eini sem við eigum, Þórir Steingrímsson nk. sirkusstjóri og töframabur og Magnús Ólafsson. Að öðrum ólóstudum heldur

Tæknilega er þátturinn ekki nógu góður. Litirnir eru of sterkir og erfitt að stilla þá. Einnig eru of miklar truflanir á bandinu. Uppataka er á Sjóvarpsstandard og er það miður, því maður skyldi halda að tími hefði verið til að gera betur. Tal er stundum óskýrt og verið að sýna hluti í nærmynd sem ekki skipta máli.

STEFNUMÓT nefnist hinn þátturinn og er hann frekar ætíðadur fullorðnum. Björn Vignir ræðir þar við Hermann Gunnarsson, Auði Haralds, Ingimar Eydal, Hafstein Hauksson bílasala og rallykappa og Magnús Eiríksson hljóðfæraleikara og lagasmíð. Þar að auki kemur fram hljómsveit Tommy Fresh. Það sem maður rekur sig



strax á, er að þátturinn virðist vera illa undirbúinn. Viðmælendur eru misjafnir og of margir að minni álitni. Auður og Hemmi standa vel fyrir sínu, en Ingimar er tekinn í framhjáhlaupi sem verður hvorki fugl né fiskur. Hafsteini og Magnúsi eru ekki gerðir nógu góð skil. Við erum litlu fróðari um þessa menn eftir þáttinn.

Annad atriði er að slíta samtölin í sundur. Þegar komið er að því að maður er farinn að hlusta er klippt yfir í annað efni og síðar í þáttinum til baka. Eflaust hefði verið nóg að ræða eingöngu við Auði og Hemma. Taka þetta fólk undir vegg og rekja úr því garnirnar í nokkra tíma og nota síðan kjarnannúr samræðunum ásamt þetta og ýtarlegra myndmáli. Það segir okkur ekkert að sjá Hemma í



fótboltaleik og í stúdíói, við vitum öll að þar á hann heima, en hvar á hann heima? (Sorry, Hemmi).

Tommy Fresh flytur nokkur lög í myndútgáfu Skonrokks og virðist það best unna efnið myndlega, þó það sé ósköp þreytandi að horfa á tvær til þrjár myndir hvora ofan í annarri með mismunandi filteringum á lit. Ég hefði frekar viljað sjá einhverja íslenska nýskúra-hljómsveit syngja á íslensku. Lögin eru hvorki fersk né eftirminnanleg.

Tæknilega er þessi þáttur betri. Litir í stúdíói eru viðunandi en lýsingin í öðrum atriðum abótavant. Nokkrar truflanir eru við skiptingar milli véla og einnig á stöku stað á bandinu. Myndatakan er á sama Sjóvarpsstandard og í

Galdralandi, ef ekki verri á köflum. Viðmælendur sitja sitt hvoru megin úti í kanti eða sprylli teygir sig fram fyrir vél og blokkar viðmælanda. Þó þetta sé myndband finnst mér óþarfi að vera sífellt að kveikja í sigarettum svona til að sýna að við erum frjálssir og óháðir.

Að iokum auglýsingar. Kók auglýsir í báðum þessum þáttum, reyndar byrja Stefnumót á kókauglýsingu. Ef auglýsendur eru tilbúnir að borga fyrir auglýsingu í svona þætti, færi betur á því að það væru óbeinar auglýsingar. Í flestum nýjum kvikmyndum reykja aðalleikararnir Winston. Þetta er óbein auglýsing (hjá mér). Ef Björn Vignir hefði drukkið kók í staðinn fyrir kaffi gengi dæmið upp.

Nokkrar góðar myndir á leigunum

HITCHCOCK myndir frá Guild Home Video Ltd: Rebeckamed Laurence Olivier, Joan Fontaine, George Sanders. Spellbound með Ingrid Bergman og Gregory Peck. Notorius með Ingrid Bergman og Gary Grant. The Postman Always Rings Twice með Jack Nicholson og Jessica Lange. Í henni er ástaratriði sem fær Síðasta Tangó í París til að líta út eins og hægán vals. The Boys In the Band Fjallar um erfðleika manna til að viðurkenna sjálfa sig sem homosexual.